

Daglegt líf

Ég heiti Michael. Ég er frá Berlín. Ég ætla að segja ykkur frá daglegu lífi mínu hérna á Íslandi. Ég er skiptinemi við Háskóla Íslands og er að læra íslensku og sagnfræði.

Á virkum dögum vakna ég venjulega klukkan hálf átta. Fyrst fer ég í hressandi sturtu og svo borða ég morgunmatinn minn. Venjulega borða ég morgunkorn og fæ mér svo appelsínusafa og kaffi.

Síðan hjóla ég í skólann (það er stundum erfitt út af veðrinu!) til að fara í fyrsta tíma sem byrjar venjulega klukkan korter yfir átta. Eftir skóla, klukkan tólf, hjóla ég svo heim. Ég bý hjá ungu pari í miðbæ Reykjavíkur. Þau heita Edda og Valur og hundurinn þeirra heitir Gréta. Þau eru öll mjög hress, líka Gréta. Það er alltaf fjör á heimilinu. Við búum á þriðju hæð í gömlu húsi.



Í hádeginu er ég yfirleitt orðinn mjög svangur og fæ mér oft samloku og te í hádegismat. Eftir hádegi legg ég mig. Þegar ég vakna aftur fer ég út í búð að kaupa í matinn og síðan hjóla ég aftur í skólann til að vinna heimavinnuna. Hérna sjáið þið mig til dæmis vera að skrifa ritgerð

í sagnfræði í tölvuveri Háskólans.

Stundum þarf ég að fara á Háskólabókasafnið til að leita að bókum fyrir heimildavinnuna.



Svo tek ég mér auðvitað pásu og hitti skólafélaga mína. Við fáum okkur kaffi og spjöllum saman. Þegar ég er búinn með heimavinnuna fer ég aftur heim og slappa af. Þá fer ég í sund og sit i heita pottinum. Það er ótrúlega notalegt! Um klukkan átta borða ég venjulega kvöldmat. Ég fæ mér oft hamborgara eða fisk með kartöflum. Mér finnst ekki gaman að elda og vaska upp. Þess vegna elda ég bara einfaldan mat sem tekur ekki langan tíma að búa til.



Á kvöldin horfi ég á sjónvarpið, leik mér við hundinn Grétu og spjalla við fólkið sem ég bý hjá. Stundum fer ég út með vinum mínum á lítinn pöbb og fæ mér bjór. En skólinn býður svo næsta morgun og ég fer að sofa um miðnætti – mig dreymir íslenska kind!

Hvað borðar hann í hádegismat?

Hvað gerir hann eftir hádegi?

Hvað borðar hann í kvöldmat?

Hvað gerir hann á kvöldin?

Hvað gerir þú eftir skólann?

Ferð þú í vinnu? Hvenær ert þú í vinnunni?

Hvað þykir þér gaman að gera?

Hvað þykir þér ekki gaman að gera?

Hvað gerir þú venjulega á kvöldin?

Hvað borðar þú venjulega í kvöldmat?

Eldar þú sjálf(ur)?

Þykir þér gaman að elda?

Ég læt hérna fylgja uppskrift að fiskréttinum sem ég bý oft til. Hún er einföld og fljótleg!

fiskflak (ýsa)
salt
vatn
sítróna
smjör
kartöflur



1. fiskflakið
2. það í bita
3. vatn í pottinn
4. það
5. fiskstykkinn í pottinn
6. í 10 mínútur
7. úr sítrónu yfir fiskstykkinn
8. með soðnum kartöflum og smjöri

roðfletta – kreista – skera - borða
salta – sjóða - setja



Jól

jól (N pl.) - Vánoce
um jólin – o Vánocích

aðventan er annað nafn yfir jólaföstu

11. desember kemur fyrsti jólasveinninn til byggða
Þorláksmessa er 23. desember, kennd við Þorlák
biskup helga

jól n pl: Vánoce

fasta f (föstu, -ur): půst

jólasveinn m (-s, -ar): vánoční skřítek (sveinn: chlapec)

byggð f (-ar, -ir): obydlená oblast, lidské osídlení

kenna e-ð við e-n: pojmenovat něco po někom

helgur: svatý

aðfangadagur er 24. desember, þá hefjast jólin
jóladaður er 25. desember
gamlársdagur er 31. desember, þá er gamla árið kvatt
nýársdagur er 1. janúar, fyrsti dagur ársins
þrettándinn er 6. janúar, þá lýkur jólnunum með
formlegum hætti

hefja v (hef, hóf/hófum, hafið) (+ACC): začínať, zahajovat
kveðja v (kveð, kvaddi/kvöddum, kvatt) (+ACC): rozlouiť se
ljúka v (lýk, lauk/lukum, lokið) (+DAT): (u)končit, zakončit
formlegur: formální

háttur m (-ar, hättir): 1) zvyk, obyčej; 2) způsob



Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljuf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið' og ró,
út í frost og snjó
því að brátt koma blessuð jólin,
bráðum koma jólin.

skína: svítit

skotthúfa: čepice se střapcem

sækja að: vtrhnout někam

ljúfur: příjemný, milý

geð: nálada

leika sér: hrát si

bráðum: brzy



Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn' í frið og ró,
út' í frost og snjó,
því að brátt koma blessuð jólin,
bráðum koma jólin.

loft: poschodí, podkroví

titra: třást se

hlakka til: těšit se

tindilfættur: lehkonohý

jólaköttur: vánoční kocour





Stjörnur tindra stillt og rótt,
stafa geislum björtum.
Norðurljósinn loga skær
leika á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér
hýr og glöð í desember
þó að feyki snjó
þá í friði og ró
við höldum heilög jólin
heilög blessuð jólin.



stjarna: hvězda
tindra: třpytit se
stafa: vyzařovat
geisli: paprsek
bjartur: jasný, zářivý
loga: hořet
skær: jasný
hýr: veselý
feykja: odfouknout
heilagur: svatý

Dansaðu vindur



Kuldinn hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga
krakkarnir kúra í skjóli hjá kerti í glugga

vindur já dansaðu vindur
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt
vindur já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt

núna nístir í snjónum um nóttina svörtu
nærast á takti og tónum titrandi hjörtu

kuldi: chlad
skuggi: stín
kúra: uvelebit se
skjól: úkryt
kerti: svíčka
er = þá er: když
þróttur: síla
vera á sveimi:
potulovat se
nísta: mrznout
nærast: živit se
titrandi: rozechvělý

vindur já dansaðu vindur
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt
vindur já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt

vindur já dansaðu vindur
af vetri fá börn að finna húsaskjól
vindur já dansaðu vindur
vetur er færir börnum heilög jól

húsaskjól: přístřeší
færa: přinést



úti fær vindur að valda voldugum tónum
núna nötrar af kulda nóttin í snjónum

valda: způsobit
voldugur: mocný
nötra: třást se

vindur já dansaðu vindur
af vetri fá börn að finna húsaskjól
vindur já dansaðu vindur
vetur er færir börnum heilög jól
vindur já dansaðu vindur
vetur er færir börnum heilög jól





Gledileg jól